



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Sent í Samráðsgátt stjórnvalda
Lindargata
101 Reykjavík

Reykjavík, 7. september 2023

Efni: Sjónarmið varðandi starfshóp um skattlagningu orkuvinnslu

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram vilji til að skapa sátt um nýtingu auðlinda. ASÍ telur réttláta skattlagningu auðlinda gegna lykilhlutverki í að tryggja að sátt skapist um slíka nýtingu.

Við nýtingu á takmarkaðri auðlind getur orðið til umframhagnaður, svokölluð auðlindarenta. Skynsöm nýting auðlinda miðar að því að hámarka verðmætasköpun og tryggja eigandanum réttláta hlutdeild í arðinum. Auðlindarenta getur m.a. orðið til í fiskveiðum, fiskeldi, ferðaþjónustu og við vinnslu raforku. Illa útfært skattlagning auðlinda getur á hinn bóginn ýtt undir ójöfnuð þar sem auðlindarenta rennur til fárra.

Noregur er dæmi um réttláta nýtingu auðlinda þar sem skattlagning auðlindarentu hefur byggt upp olíusjóð. Í Noregi ríkir almenn sátt um rentuskatta og eru þeir til staðar m.a. í olíuvinnslu og orkuvinnslu. Nýjasta dæmið er rentuskattur sem lagður var á fiskeldi í Noregi þar sem hluti af rentu rennur til nærsamfélags.

ASÍ telur brýnt að skapaður verði rammi um réttláta nýtingu auðlinda á Íslandi og gjaldheimta þeirra færð undir eitt ráðuneyti. Þar þarf að horfa til þess að hluti auðlindagjalda renni til nærsamfélags þar sem verðmætasköpunin á sér stað.

Fyrir hönd ASÍ,
Róbert Farestveit
Hagfræðingur